

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 20. apríl 2018 haldinn á skrifstofu FV og í fjarfundi kl 11.00. Mætt voru á skrifstofu Pétur G Markan, formaður og Sigurður Hreinsson, í fjarfundi voru Ingibjörg Emilsdóttir og Jón Örn Pálsson. Margrét Jómundsdóttir var forfölluð og hennar varamaður einnig. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá er sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 18. janúar 2018.
2. Ársreikningur FV 2017.
3. Dagskrá 63. Fjórðungsþings Vestfirðinga.
4. Umsagnir til Alþingis.
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - b. Umsagnarbeiðnir.
 - c. Aðrar umsagnir
5. Samgöngumál
 - a. Fundargerð samgöngunefndar FV 23. mars 2018
 - b. Fundur Samgönguráðs og Samgöngunefndar FV 5. apríl 2018
 - c. Almenningsamgöngur.
 - i. Uppsögn samninga
 - ii. Kostnaðarmat almenningsamgangna á Vestfjörðum
 - iii. Ársreikningur NVB ehf, 2017
6. Fundargerðir landshlutasamtaka.
7. Sóknaráætlun
8. Önnur mál
 - a. Tölfræði landshlutanna
 - b. Íbúakönnun á Vestfjörðum

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 18. janúar 2018.

Fundargerð stjórnarfundar frá 18. janúar 2018, lögð fram til staðfestingar. Fundargerð áður samþykkt í tölvupósti. Fundargerð staðfest.
2. Ársreikningur FV 2017.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársreikningi FV fyrir árið 2017 og kynnti tillögur um tilfærslu framlaga á milli ára 2017 og 2018. Rætt um efni tillagana og afgreiðslu ársreiknings frestað til næsta stjórnarfunda.
3. Dagskrá 63. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Lagt fram boð til sveitarfélaga á 63. Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem haldið verður á Tálknafirði 2. maí n.k.. Farið yfir efni dagskrár og skipulagningu þingsins.
4. Umsagnir til Alþingis.
 - a. Afgreiddar umsagnir.

Lagðar fram til staðfestingar umsagnir til Alþingis, áður samþykktar í tölvupósti.

- Þingsályktun, samræming verklags um fjarfundi á vegum ráðuneyta, mál 45
- Breytingartillaga atvinnuveganefndar Alþingis, um breytingu á raforkulögum og lögum um stofnun Landsnets, mál 115
- Þingsályktun, stjórnartillaga, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, mál 179.

Umsagnir staðfestar.

b. Umsagnarbeiðnir.

Atvinnuveganefnd Alþingis óskar umsagnar frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 457. mál, frestur til 30. apríl nk.

Málið er mjög afgerandi hvernig á að aðkomu sveitarfélaga að nýtingu strandsvæða skal fyrirkomið og ekki í takt við frumvarp umhverfisráðherra um haf og strandsvæðaskipulag.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að undirbúa umsögn og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

c. Aðrar umsagnir

Mál sem mælt hefur verið fyrir

- Þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023, mál 494

Velja þarf málasvið sem rétt sé að FV/Vestfjarðastofa fjalli um, augljós eru samgöngumál, byggðamál þ.m.t. sóknaráætlanir, en síðan eru velferðarmál og skipting tekna og gjalda ríkis og sveitarfélaga

- Stjórnarfrumvarp til laga um Skipulag haf og strandsvæða, mál 429 (endurflutt)

Mjög afgerandi mál hvernig á að aðkomu sveitarfélaga að nýtingu strandsvæða skal fyrirkomið. Er ekki í takt við frumvarp sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að undirbúa umsögn og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

5. Samgöngumál

a. Fundargerð samgöngunefndar FV 23. mars 2018

Lögð fram til kynningar fundargerð samgöngunefndar FV.

b. Fundur Samgönguráðs og Samgöngunefndar FV 5. apríl 2018

Samgönguráð boðaði til fundar með sveitarfélögum á Vestfjörðum þann 5. apríl s.l., sem hluta af mótun nýrrar samgönguáætlunar. Fundurinn var haldinn á Ísafirði og í aðdraganda hans var farið í kynnisferð um norðanverða Vestfirði með áherslu

á flugvallarmál. Að hálfu vestfirskra sveitarfélaga mættu aðalmenn og varamenn samgöngunefndar og sveitarstjórar og bæjarstjórar en í fjarfundi var fulltrúi Árneshrepps.

c. Almenningsamgöngur.

i. Uppsögn samninga.

Lögð fram bréf til Vegagerðar um uppsögn samnings um almenningsamgöngur á Vestfjörðum og bréf til verktaka í akstri á grundvelli einkaleyfis Fjórðungssambands.

ii. Kostnaðarmat almenningsamgangna á Vestfjörðum

Kynnt drög að skýrslu VSÓ verkfræðistofu um mat á kostnaði við almenningsamgöngur á grundvelli samnings FV og Vegagerðar. Fyrstu niðurstöður er að í óbreyttu kerfi (með sumarakstri)þurfi að hækka framlög Vegagerðar úr 35,3 mkr í 54,6 mkr eða 19,3 mkr. En ef leiðir yrðu eknar á heilsársgrunvelli yrði að hækka framlög um 50,5 mkr.

iii. Ársreikningur NVB ehf, 2017

Lagður fram til kynningar ársreikningur NVB ehf fyrir árið 2017. Ekki hefur verið boðað til ársfundar í félaginu en miðað við að hann verði haldinn fyrir lok júní.

6. Fundargerðir landshlutasamtaka.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir Eyþings, nr 302,303 og 304, fundargerðir SASS nr 529,530 og 531 og fundargerð SSA frá 9. apríl s.l..

7. Sóknaráætlun

Lögð fram til kynningar fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál nr 42.

8. Önnur mál

a. Tölfræði landshlutanna

Lögð fram skýrsla unnin af Vífli Karlssyni, verkefnastjóra SSV þróun og ráðgjöf um tölfræði landshluta á Íslandi (íbúar, fyrirtæki, vinnumarkaður og fasteignamarkaður o.fl.)

b. Íbúakönnun á Vestfjörðum

Kynnt drög að íbúakönnun á Vestfjörðum. Framkvæmdastjóri kynnti að kynning á niðurstöðum á könnunarinnar yrði í samvinnu við önnur landshlutasamtök sem hafa framkvæmt sambærilega könnun nú í lok þessa mánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.20.

Aðalsteinn Óskarsson,